



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ 6. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2015 MIÐVIKUDAGINN 4. NÓVEMER KL.13:15

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Önnur bréf

- ✓ 1 nemandi sendir inn bréf vegna óska um færslu á prófum, sjá fskj.  
ERINDINU ER HAFNAÐ.
- ✓ Staðfesting á undanþágu frá sex einingum í þriðja tungumáli til stúdentsprófs. Sjá fskj.

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Salsaball verður haldið n.k.fimmtudag á SPOT. Þetta er einn stærsti viðburður á vegum NFFG og er skólinn fallega skreyttur í tilefni hans. Frí verður í fyrstu kennslustund á föstudag.

FG – Flensborgardagurinn sem haldinn var s.l.föstudag tókst vel þó svo FG hafi tapað í keppninni milli skólanna. Þó unnu kennarar FG reiptogið. Því miður sýndu nokkrir piltar af sér barnalega hegðun í aðdraganda þessa skemmtilega dags. Stjórn NFFG tók málin í sínar hendur og ber að þakka þann þroska sem stjórnin sýndi í þessu máli. Ítrekuð er afsökunarbeiðni til Flensborgarskóla.

### 3. Skólasókn

Yfirlit skólasóknar skoðað og borið saman við stöðu mála undanfarin ár. Mæting nemenda á þessari önn er ívið betri en áður og ber að fagna því.

#### Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi  
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Páll Maris Pálsson forseti NFFG  
Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri  
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara  
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi